

Svar

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn Ólafar Nordal um nýframkvæmdir í samgöngumálum í Reykjavík.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er heildarfjárfesting ríkisins í nýframkvæmdum í samgöngumálum í Reykjavík árið 2009? Um hvaða framkvæmdir er þar að ræða?

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir framkvæmdir og kostnað.

Nýframkvæmdir 30.12.2009. Nýframkvæmdir innan Reykjavíkur.

Heiti verks	Kostnaður 2009 Spá pr. 30.12.2009	Lýsing á verki
Hönnun framtíðarverka í Reykjavík	55.000.000	Tvöföldun Suðurlands- og Vesturlandsveggar hönnun Hallsveggar
Umferðasrýring, höfuðborgarsvæði	14.000.000	Endurbætur á umferðarljósastýringu
Höfuðborgarsvæðið, bætt umferðarflæði	400.000.000	Breytingar á gatnamótum v/Kringlumýrabraut, strætóreinar Miklubraut o.fl. (Ath! hluti greiðist á árinu 2010)
Hringvegur, Þingvallavegur – Brautarholtsvegur	80.000.000	Undirgöng á Kjalarnesi
Reykjanesbraut, gatnamót Stekkjarbakka	3.600.000	Frágangur á göngubru við mislæg gatnamót Reykjanesbrautar og Stekkjarbakka
Sundabraut – Reykjanesbraut – Sæbraut – Hringbraut	35.222.000	Hönnun Sundabrautar (fær sérjárveitingu)
Holtavegur – Reykjanesbraut – Sæbraut Holtabakki	817.000	Endurbætur austan Sæbrautar, frágangur – lokareikningur
	588.639.000	

